



Aflaverðmæti ekki minna síðan árið 2010

Aflaverðmæti íslenskra skipa á öllum veiðisvæðum nam 133 ma.kr. í fyrra og dróst saman um 12,1% frá fyrra ári. Samdráttinn má að langmestu leyti skrifa á gengisþróun krónunnar en gengisvísitala krónunnar lækkaði um 10,6% milli ára. Aflaverðmætið hefur ekki mælst jafn lágt síðan árið 2010 þegar það nam tæpum 133 ma.kr. Af einstökum tegundum hafði loðnubrestur mjög mikil áhrif á breytingu heildaraflaverðmætis milli ára en aflaverðmæti loðnu lækkaði úr tæpum 10 ma.kr. niður í 2,7 ma.kr., eða um 7,3 ma.kr. Næstmestu áhrifin voru í aflaverðmæti þorsks en það dróst saman um 3 ma.kr. Þar á eftir komu karfi með 2,3 ma.kr. samdrátt og ýsa með 2,2 ma.kr. samdrátt. Af þeim tegundum þar sem aflaverðmætið jókst milli ára voru makrill og norsk-íslensk síld með sitthvorn hálfan milljarð króna.

Samdráttur loðnu skýrist fyrst og fremst af minni veiðum en þær drógust saman um 71% milli ára. Af öllum þeim tegundum sem veiddar eru af íslenskum skipum er loðnan sá fiskistofn sem skýrir mest af breytileikanum í aflaverðmæti á árabílinu 2005-2016 og er þar í sérflokk. Þar á eftir kemur makrill og síðan þorskur.


Veiðar á þorski jukust milli ára

Það sem þó dró úr samdrætti aflaverðmætis milli ára var að veitt magn af ýmsum botnfisktegundum jókst á milli ára. Þannig jókst aflamagn þorsks um 8,3%. Aflamagn ufsa jókst um 3%, karfa um 9,4% en einnig varð aukning í aflamagni steinbíts, úthafskarfa og hlýra. Um 5,5% samdráttur var í aflamagni ýsu.

Í kringum 90% aflaverðmætisins er sótt af Íslandsmiðum


Rúm 89% af aflaverðmætinu komu frá Íslandsmiðum á síðasta ári. Það hlutfall hefur haldist á nokkuð þröngu bili síðustu 10 ár og hefur að meðaltali verið rétt undir 90%. Um 3,6% aflans á síðasta ári kom úr norskri og rússneskri lögsögu og hefur það hlutfall legið á bilinu 2,2-4,4% á síðustu 10 árum. Megnið af öðrum afla kemur hins vegar frá öðrum veiðisvæðum sem eru ekki skilgreind frekar í

Breyting í aflaverðmæti milli ára




Sýnir áhrif einstakra tegunda á breytingu í heildaraflaverðmæti
Heimild: Hagstofa Íslands

Áhrifa einstakra tegunda á breytileika heildaraflaverðmætis



Sýnir staðalfrávik í aflaverðmæti einstakra tegunda á tímabilinu 2005-2016.
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Hlutfall aflaverðmætis eftir veiðisvæðum



Heimild: Hagstofa Íslands



gögnum Hagstofunnar. Hlutfall annarra veiðisvæða var 7,2% í fyrra.

Aflaverðmætið um 57% af útflutningsverðmæti sjávarafurða


Útflutningsverðmæti sjávarútvegsins er töluvert meira en aflaverðmæti. Mæling á aflaverðmæti er byggð á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum. Þessum afla er síðan yfirleitt ráðstafað til frekari vinnslu áður en hann er fluttur úr landi en frekari vinnsla eykur virði hans og skýrir því muninn í verðmæti.

Útflutningsverðmæti sjávarútvegsins nam tæpum 232 ma.kr. á síðasta ári og er aflaverðmætið því 57,4% af útflutningsverðmætinu. Þetta hlutfall er undir meðallagi síðustu ára en að meðaltali hefur þetta hlutfall verið 58,9% á tímabilinu 2005-2016. Á öllu tímabilinu hefur hlutfallið legið á bilinu 55-63%. Hlutfallið hefur frekar leitað niður á við en upp á við á þessu tímabili.

Höfuðborgarsvæðið stærsta verkunarsvæðið


Af einstökum verkunarsvæðum er höfuðborgarsvæðið stærst og hefur verið það um langa tíð. Um fjórðungur aflaverðmætis íslenskra skipa er verkaður þar. Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á hlutdeild einstakra svæða í verkun á síðustu árum. Það má því ekki greina neina áberandi breytingu á hlutdeild verkunar einstakra svæða. Næststærsta svæðið eru Suðurnes með tæplega 17% hlutdeild. Austurland er síðan með 14% og Norðurland eystra með 13%. Um 4,5% af aflaverðmætinu er verkað erlendis.

Aflaverðmæti sem hlutfall af útflutningsverðmæti



Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutdeild svæða í verkun aflans



Heimild: Hagstofa Íslands

%

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.